

Til atvinnuv. nefndar

Alþingi
Erindi nr. P 140/1684
komudagur 28.3.2012

AFRIT

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
ses.netlog@gmail.com

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
bréf til allra nefndarmanna,
skrifstofa Alþingis - nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

657. mál

stjornskipun@althingi.is;
vbj@althingi.is; marshall@althingi.is; alfheiduri@althingi.is; birgir@althingi.is; ludvikge@althingi.is;
magnusorri@althingi.is; margrett@althingi.is; olofn@althingi.is; vigdish@althingi.is

Reykjavík, 28. mars 2012.

Fyrir hönd stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða (SES), sem eru landssamtök, þakka ég fyrir fund með nefndinni 12. desember s.l.

Ég vísa í 15 gögn sem nefndinni voru afhent á fundinum en því miður vannst ekki tími til að bregða upp 15 glærum um málefni SES en nefndinni var einnig afhent það efni í skjalaformi.

Við vísum sérstaklega í bréf samtakanna til nefndasviðs Alþingis, dags. 12. ágúst 2011 og bréf, dags. 11. júní 2009. Ennfremur vísum við í bréf lögmannstofunnar Réttur til sjávarútvegsráðherra, dags. 23. október 2009 um rétt eigenda sjávarauðlindarinnar til auðlindagjalds, en þar segir:

Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Í þingsályktunni kemur fram:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Það er upplýst hér, að sjávarjarðir eiga hlutdeild í sjávarauðlindinni, svo nefnd netlög, sem er stjórnarskrárvarin eignarréttur og lagafyrirmæli eru um þann rétt. Vísindalega hefur verið sýnt fram á að grunnsævið er eitt mikilvægasta svæðið fyrir lífríkið í hafinu. Sjórinn og lífríkið er á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Auðlindin er því óskipt sameign.

Í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 segir í 2. gr., 2. mgr.: „Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn“. Enginn vafi leikur á því að séreignarréttindi sjávarjarða í hafinu eru innan þessara marka.

Eftirfarandi var haft eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (nú hæstaréttardómara), samkvæmt fundargerð á 7. fundi nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

“Formaður (Guðbjartur Hannesson) spyr hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirfæranlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir.

Rætt var um hversu vandasamt það er að skilgreina eign og afnot og þá sérstaklega að teknu tilliti til þess atvinnuréttar sem getur skapast af eignarrétti eða afnotarétti”.

Við viljum vekja athygli á álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008 en þar segir orðrétt: *„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.* Við bendum á að álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum embættismönnum eða dómstólum.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða vísar til þess, að við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða 1983 var það ekki síst gert í friðunartilgangi til bráðabrigða. Eigendur sjávarjarða sætu sig við þá tilhögun um stundarsakir. Nú hafa lögin verið endurnýjuð ítrekað og þau hafa festst í sessi en ekkert tillit er tekið til eignar- og nýtingarréttar sjávarjarða sem fyrir var.

Það er ekki minnst einu orði á eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni í nýju frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657 2012, þó svo að eignarréttur þessi sé samkvæmt lögum frá Alþingi sjálfu. Aðeins er minnst á netlög í Jónsbókarlögum í athugasemdum við lagafrumvarp þetta og þá í sambandi við almannarétt til nýtingar og fiskveiða utan netlaga í sjónum. Jónsbókarlög eiga sem sagt að gilda um almannarétt til nýtingar fiskistofna við Ísland utan netlaga en ekki um nýtingar- og eigendarétt þeirra sem eiga netlögin. Í Jónsbók segir m.a. um netlög: „Landeigandi á ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni”. Séreignarrétt þennan hafa sjávarjarðir nýtt frá ómunatíð án afskifta stjórnvalda þar til upp úr 1983. Þá var eignarréttur þessi ólöglega tekin af eigendum og afhentur öðrum og löglegir eigendur útlokaðir frá því að nýta eign sína. Í þessu tilviki er það veiði- eða nýtingarrétturinn sem er aðal andlag eignarréttarins.

Í frumvarpinu er ekkert getið um eignarrétt í netlögum sem er einn mikilvægasti hluti hafsins á grunnsævi umhverfis landið. Ekkert er heldur tekið á málinu í frumvarpi til laga um veiðigjöld, mál nr. 658. Þar sem netlög eru stjórnarskrárvarin eignarréttindi er slík framkoma Alþingis með öllu ólögleg, siðlaus og brýtur grundvallarmannréttindi. Við vísum til þess, að þingmenn Alþingis hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og þ.m.t. að löglegum eignarrétti sjávarjarða til sjávarins. Alþingismenn hafa ekki umboð og heimildir til að setja lög sem fara gegn lögum sem þegar eru fyrir hendi og skilgreina eignarréttindi. Til að það sé hægt þarf að uppfylla ákveðin skilyrði. Margir þeirra tuggast stöðugt á því að um sameiginlega auðlind í eigu þjóðarinnar sé að ræða en þegja um staðreyndina að aðrir eiga löglega hlutdeild í auðlindinni. Það er eins og alþingismenn séu að reyna að sannfæra sjálfa sig, með því að endurtaka nógu oft að sjávarauðlindin sé í eigu þjóðarinnar, að auðlindin sé öll orðin eign almennings. Svo má líka geta þess, að eigendur sjávarjarða eru hluti þjóðarinnar.

Stjórn SES gerir þá kröfu, að við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða verði löglegur og stjórnarskrárvarin réttur sjávarjarða virtur, getið verði um hann skýrum stöfum í nýjum lögum

og að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis hafi eftirlit með að það verði gert. Að öðrum kosti er málið orðið grafalvarlegt á alþjóðavísu vegna ólöglegrar framkomu stjórnvalda með þátttöku Alþingis.

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður